

M-68/2016. Álit 16. ágúst 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-68/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 15. ágúst 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Z, Reykjavík, hér eftir seljandi.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi fór með Irobot ryksugu í viðgerð hjá seljanda þann 4. júní 2016 vegna lélegrar endingar á rafhlöðu og var talið að aðeins yrði að skipta um rafhlöðu. Þegar viðgerð var lokið þann 25. júní sótti álitsbeiðandi ryksuguna og greiddi 17.995 krónur fyrir viðgerðina. Þegar heim var komið reyndi álitsbeiðandi að kveikja á ryksugunni en rafhlaða hennar var tóm og setti hún ryksuguna því í hleðslu. Daginn eftir ætlaði álitsbeiðandi að setja ryksuguna í gang og segir í álitsbeiðni að „[álitsbeiðandi] þurfti að ýta nokkrum sinnum á start hnappinn áður en hún fór af stað, sem var mjög óvenjulegt þar sem tiltölulega auðvelt er að starta vélinni. Eftir ca 5-10 mín stöðvaðist vélinn og rauður þríhyrningur birtist. Engar tölur birtust og ekkert heyrðist í vélinni (hún talaði ekki).“ Hafði álitsbeiðandi þá samband við seljanda sem bað hana um að koma aftur með ryksuguna í verslunina sem álitsbeiðandi gerði. Þann 29. júní var álitsbeiðanda svo tjáð að vélin væri „heiladaud“, þ.e. ónýt. Þá segir í álitsbeiðni: „Mergur málsins er sá að ég kom með vél sem var í lagi, eina sem þurfti að gera var að skipta um hleðslubatteri. Ég fæ tilbaka ónýta vél!“ Fyrir liggur að seljandi hefur þegar endurgreitt álitsbeiðanda vegna viðgerðarinnar en engar kröfur eru gerðar af hálfu álitsbeiðanda í málinu heldur er aðeins fullyrt að seljandi hafi valdið skemmdum á vélinni. Þann 24. júlí 2017 var álitsbeiðanda því sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var nánari upplýsinga um hvaða kröfur hún hefði uppi í málinu.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera

skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærufndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitseiðni þessari frá.

II

Álitserð

Álitseiðni X, er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson